



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

56. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í 29. kennslustofu 26.01.1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson skólameistari, Gunnar Sveinsson formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Ómar Bjarnþórsson, Hreinn Ásgrímsson. Ennfremur Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara, Elías Georgsson fulltrúi nemenda og Valtýr Guðjónsson ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari lýsti skólaslitum sem fram fóru föstudaginn 19.des. sl. Alls voru brautskráðir 42 nemendur, þar af 18 stúdentar, 13 flugmenn, 7 iðnaðarmenn, 3 nemendur af verslunar- og skrifstofubraut og einn vélstjóri, 1. stigs. Skólameistari flutti aðalræðu við þetta tækifæri. Auk þess talaði Tómas Tómasson forseti bæjarstjórnar Keflavíkur af hálfu S.S.S. Skólaslitin fóru fram í hinu nýja íþróttahúsi Keflavíkurbæjar. Skólameistari afhenti prófskírteini og verðlaun.
2. Þá minntist skólameistari þess, að nú á vorönn 1981, færi í fyrsta sinn öll kennsla skólans fram í eigin húsnæði þar sem hið nýkeypta verknámshús er nú tekið í fulla notkun. Kennarar við skólann eru 48.
3. Samþykkt var að ráða Margréti Pálmadóttur kórstjóra við skólann, sbr. fundargerð síðasta fundar. Einnig var samþykkt að ráða þá Odd Pálsson og Ottó Tynes deildarstjóra Flugbrautar og mun Ottó sinna því starfi á vorönn, en Oddur á haustönn.
4. 1981 er ár fatlaðra eins og kunnugt er. Af því tilefni ræddi Ágúst Jóhannesson f.h. ALFA-nefndar Keflavíkur við skólameistara um að skólinn tæki með einhverju móti þátt í félagsfræðilegum könnunum, ritgerðasamkeppni og myndasamkeppni. Samþykkt var að kjósa þær Þórunni Friðriksdóttur og Bergljótu Kristjánsdóttur í nefnd til undirbúnings og aðgerða og verði skólameistari til aðstoðar.

5. Eins og áður segir er verknámshúsið Iðavellir 1 tekið í notkun þótt enn sé eftir að gera á því ýmsar nauðsynlegar breytingar. Skólameistari upplýsti að menntamálaráðuneyti hafi óskað eftir að þær væru látnar bíða um sinn þar til komin væri meiri reynsla á það hvernig væri heppilegast að haga hönnun. Benti skólameistari á að nefndarmenn þyrftu að kynna sér málið með því að skoða húsið. Von er á fulltrúum ráðuneytisins hingað suður föstudaginn 30. janúar n.k.

6. Valtýr Guðjónsson, gaf nefndarmönnum upplýsingar um rekstrar- niðurstöður skólans árið 1980. Koma þær til með að reynast um 143 milljónir króna í stað áætlunar sem var kr. 125 milljónir. Munar þar mestu um vanáætlaða vexti, akstur með nemendur, og efniskaup til námsbrauta.

7. Elías Georgsson gaf skýrslu um framkvæmdir nemenda. Hafa þeir komið þar fyrir innréttingum sem þeir óska að skólinn greiði. Benti skólameistari Elíasi á að mál þetta hefðu þeir þurft að ákveða í samráði við yfirvöld skólans og með vitund þeirra og samþykki. Þá óskaði Elías eftir að fá aðstöðu fyrir ljósmyndagerð inni í skólahúsinu. Engin ákvörðun tekin.

8. a) Skólameistari upplýsti að nýr námsvísir hefði komið út fyrir jól - lítið breyttur frá því sem áður var - þó með nokkrum viðbótum. Eru það einkum nýjar brautarlýsingar.

b) Von er á heimsókn frá fjölmiðlaskóla í Osló með vorinu hingað á Suðurnesin.

c) Komin er út námskrá í stálsmíði, (áður Plötu og ketil-smíði)

d) Meistaraskólinn tók til starfa 13. jan. eins og áætlað var. Kennt er seinni hluta dags, og nemendur 15-16. Skólameistari benti á að þessi starfsemi væri mikilvægur og sögulegur þáttur í starfsemi skólans.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.